

**Hlíðarfótur í Svínadal. Efnasamsetning á  
köldu vatni**

**Magnús Ólafsson**

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild  
13. apríl, 1992

DE GRUNNDRIFDASAFN

Greinargerð  
MÓ-92/06  
mó

## HLÍÐARFÓTUR Í SVÍNADAL

Efnasamsetning á köldu vatni

Þann 6. febrúar síðastliðinn var tekið sýni af köldu vatni úr uppsprettu í landi bæjarins Hlíðarfótur í Strandahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Sýnið var tekið úr einni af mörgum uppsprettum sem koma fram undan framhlaupi í gili við Súluá. Í greinargerð Orkustofnunar (SPS-86/01) er þessum lindum líst lauslega og þá var áætlað að vatnsmagn í þeim væri um 15 l/s.

Sýnið var tekið úr einni af innstu uppsprettunni á lindasvæðinu, þar sem vatnið fossaði fram undan stórum kletti. Vatnsmagn var mælt í þessari ákveðnu uppsprettu og reyndist það vera um 2 l/s og með samanburði við aðrar uppsprettur á svæðinu var heildarvatnsmagn lindasvæðisins áætlað amk. 20 l/s. Erfitt er þó að meta vatnsmagnið þar sem vatnið fellur bratt niður í Súlu. Hiti í lindum reyndist vera 3,5 til 3,8°C.

Lokið er efnagreiningu allflestra efna sem verða greind í sýninu og eru niðurstöður sýndar í töflu 1. Því miður er enn ólokið greiningum á kvikasilfri (Hg) og bór (B) og þar sem þær greiningar munu dragast fram yfir páska hef ég ákveðið að senda meðfylgjandi niðurstöður strax.



Magnús Ólafsson

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)

Staður	Hliðarfótur
Númer	Uppspretta í gili við Súluá 92-9004
Hiti (°C)	3,7
Rennsli (l/s)	≈2
Leiðni (µS/cm)/°C	68,4/23
Súrefni (O <sub>2</sub> )	9
Sýrustig (pH)/°C	8,0/21
Karbónat (CO <sub>2</sub> )	23,7
Brennisteinsvetni (H <sub>2</sub> S)	<0,03
Kísill (SiO <sub>2</sub> )	11,7
Uppleyst efni	51,9
Líþíum (Li)	0,0001
Natríum (Na)	6,7
Kalíum (K)	0,06
Kalsíum (Ca)	6,2
Magnesíum (Mg)	1,20
Strontíum (Sr)	0,0026
Flúoríð (F)	0,028
Klóríð (Cl)	7,3
Brómíð (Br)	0,03
Súlfat (SO <sub>4</sub> )	1,7
Nítrat (NO <sub>3</sub> )	0,25
Ál (Al)	0,004
Krómi (Cr)	0,0001
Mangan (Mn)	<0,0005
Jámi (Fe)	0,0008
Kopar (Cu)	0,0002
Zinki (Zn)	0,011
Arseni (As)	<0,0002
Kadmíum (Cd)	<0,00002
Blý (Pb)	0,0001
Nikkel (Ni)	<0,0005